



Sveitarfélagið Hornafjörður  
Brynja Dögg Ingólfssdóttir, umhverfis- og skipulagsstjóri  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 25. febrúar 2021

Tilvísun: 202102067 / 3.2

---

**Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags vegna íbúðarbyggðar ÍB2 á Leirusvæði 2.**

---

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur, með erindi dags. 16. febrúar 2021, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsing, dags. febrúar 2021, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og gerð deiliskipulags sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar aðalskipulagstillögu er í meginatriðum að marka stefnu um fjölgun íbúða úr 20-30 í allt að 40 á svæði ÍB2 á Leirusvæði 2. Viðfangsefni fyrirhugaðrar deiliskipulagstillögu er m.a. afmörkun lóða og umferðarmannvirkja. Hluta af deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð á Leirum á Höfn, sem samþykkt var í bæjarstjórn 9. ágúst 2007, verður fellt úr gildi með gildistöku nýs deiliskipulags.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á eftirfarandi atriði til athugunar við mótu aðalskipulagstillögu:

Í skipulagsákvæðum þarf að gera grein fyrir umfangi og yfirbragði byggðar, þ.m.t. húsagerðum, fjalla um aðgerðir tengdar grundun nýrrar byggðar, sbr. það sem fram kemur á bls. 2 í lýsingu, auk þess sem breyta þarf ákvæðum varðandi þéttleika byggðar. Einnig er minnt á að fjalla þarf um áhrif skipulagsbreytinganna á umhverfið.

Skipulagsstofnun bendir á að í umfjöllun um tímaáætlun skipulagsferlis vantar að gera grein fyrir ferli aðalskipulagstillögu.

Lýsing vegna deiliskipulagsgerðar gefur ekki tilefni til frekari ábendinga.

*Guðrún Lára Sveinsdóttir*  
Guðrún Lára Sveinsdóttir